

Einar Birkir Einarsson  
Hverfisgata 42  
220 Hafnarfjordur



Patreksfirði 16. júní 2015  
UST201505-222/H.A.  
09.07.01

## **Efni: Umsókn um leyfi til umgengni veiðimanna í Vatnsdalsá og Vatnsdalsvatni auk sleppinga seiða**

Umhverfisstofnun vísar til erindis Flugu og nets ehf., dags 31. maí sl., þar sem óskað er eftir leyfi til umgengni veiðimanna í Vatnsdalsá og Vatnsdalsvatni og sleppinga á seiðum. Umhverfisstofnun bendir á að þann 12. júní 2014 veitti stofnunin Flugu og net ehf. leyfi til sleppinga á 1500 laxaseiðum á ári úr stofni úr Langá til ársins 2017. Í leyfisveitingu var tekið fram að umrætt leyfi tæki ekki til fiskveiða í friðlandinu.

### **Náttúruminjar**

Vatnsfjörður er friðland sbr. auglýsingu nr. 96/1975 í Stjórnartíðindum B. Um friðlandið gilda m.a. eftirfarandi reglur:

„Almenningi er heimil fór um svæðið og dvöl á því, í lögmætum tilgangi, enda sé góðra umgengni gætt. Akstur utan vega og ómerktra slóða er óheimill án leyfis.“

Bannað er að skerða gróður, trufla dýralíf og skemma jarðmyndanir eða aðrar minjar að óþörfu.“

Einnig kemur fram í friðlýsingarskilmálum að veiðar á fugli og fiski sé óheimil án leyfis.

Umhverfisstofnun bendir á að innan friðlandsins í Vatnsfirði er tjaldsvæði í Flókalundi. Óheimilt er að tjalda eða gista í húsbíl, tjaldvagni, fellihýsi eða hjólhýsi utan tjaldsvæðis í friðlandinu.

Yfir sumartímann starfar landvörður í friðlandinu Vatnsfirði. Hlutverk hans er m.a. að hafa eftirlit með að reglum sem gilda um friðlandið sé framfylgt og veita upplýsinga og fræðslu til gesta um svæðið.

### **Lýsing**

Um er að ræða umgengni veiðimanna og veiðar í Vatnsdalsá og Vatnsdalsvatni í friðlandinu Vatnsfirði á tímabilinu 1. júní – 1. október ár hvert. Fram kemur í umsókn að engar framkvæmdir séu fyrirhugaðar og að veiðimenn haldi sig á vegslóðum en gangi utan þeirra.

Á vefsíðu Flugu og nets ehf. ([www.fluga.net](http://www.fluga.net)) kemur fram að veiða megi á tvær stangir samtímis í Vatnsdalsá og að innifalið í laxveiðileyfi sé afnot af veiðihúsi og fjórar stangir í Vatnsdalsvatni.

### **Áhrifamat**

Umsóknaraðili, Fluga og net ehf., hefur þegar sótt um leyfi til sleppingar á seiðum til Umhverfisstofnunar og telur stofnunin ekki þörf að endurskoða leyfisveitinguna að svo stöddu.

Undansfarin ár hafa veiðar verið stundaðar í Vatnsdalsá og Vatnsdalsvatni og umgengni veiðimanna almennt verið góð að sögn landvarða sem hafa sinnt landvörslu í friðlandinu. Landverðir hafa þó þurft að hafa afskipti af veiðimönnum sem hyggjast hafa næturdvöl í nágrenni veiðisvæðanna og talið það vera í lögmaðum tilgangi. Einnig kemur það fyrir að veiðimenn aki utan vegslóða og leggi bílum sínum sem næst veiðistöðum.

Umhverfisstofnun bendir á að mikilvægt er að viðskiptavinir Flugu og net ehf. séu upplýstir um þær reglur sem gilda í friðlandinu Vatnsfirði með vísan í auglýsingu nr. 96/1975 í Stjórnartíðindum B., t.d. á vefsíðu Flugu og nets ehf. Upplýsingar um friðlandið og reglur sem um það gilda eru aðgengilegar á vef Umhverfisstofnunar <http://ust.is/einstaklingar/natura/fridlyst-svaedi/vestfirdir/vatnsfjordur-vesturbyggd/>.


Umhverfisstofnun telur að veiðar í Vatnsdalsá og Vatnsdalsvatni muni ekki hafa neikvæð áhrif á lífríki svæðisins.

#### Niðurstöður


Stofnunin veitir fyrir sitt leyfi fyrir veiði í Vatnsdalsá og Vatnsdalsvatni í samræmi við verklagsreglur Flugu og nets ehf. til þriggja ára í senn með eftirfarandi skilyrðum:

- Að veiðimenn fari eftir reglum friðlandsins og séu upplýstir um þær.
- Að skýrsla um veiðitölur og framgang fiskiræktunar verði send Umhverfisstofnun ár hvert.
- Að veiðar í Vatnsdalsá og Vatnsdalsvatni séu sjálfbærar.

Virðingarfyllst



Hákon Ásgeirsson  
Sérfræðingur



Sigrún Ágústsdóttir  
Sviðsstjóri